



Seltjarnarnesi, 18. Janúar 2023

Skrifstofa Alþingis,  
b.t. nefndasviðs  
Austurstræti 8-10,  
101 Reykjavík

## **Efni: Drög að frumvarpi um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002**

Lyfjafræðingafélag Íslands hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002 og gerir eftirfarandi athugasemd:  
Samkvæmt drögunum sem nú eru til umsagnar á 3. grein laganna, sem fjallar um gildissvið þeirra, að orðast svo:

*Lög þessi gilda um vörur sem innihalda tóbak og tengdar vörur. Lögin gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða vörur sem falla undir lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar í rafrettur.*

Lyfjafræðingafélag Íslands bendir á að til eru lyf sem innihalda nikótín en hins vegar eru engin lyf sem innihalda tóbak. Er því lagt til að í annarri setningu greinarinnar komi orðið „nikótín“ í staðinn fyrir „tóbak“. 3. grein laganna myndi því orðast svo:

*Lög þessi gilda um vörur sem innihalda tóbak og tengdar vörur. Lögin gilda ekki um nikótín sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða vörur sem falla undir lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar í rafrettur.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Lyfjafræðingafélags Íslands

Inga Lilý Gunnarsdóttir, lyfjafræðingur  
Formaður LFÍ